

Glerlist

# Langar að sameina glerlist og tónlist

Rætt við Þíu Rakel Sverrisdóttur glerlistarmann sem tekur þátt í tveim samsýningum hér í borg



Bærinn er óvenju brothættur þessa dagana. Á Kjarvalsstöðum og í Norræna húsinu er verið að sýna gler, fjöldann allan af listaverkum úr gleri eftir íslenska og norræna glerlistarmenn. Einn þeirra er Þía Rakel Sverrisdóttir sem er íslensk á Kjarvalsstöðum en dönsk í Norræna húsinu.

Það er ekki auðvelt að setja Þíu Rakel niður á ákveðinn stað á landakortinu. Hún á íslenskan föður, finnska móður, er fædd í Edinborg í Skotlandi, bjó þar fyrstu árin og lærði ensku fyrsta tungumála. Undanfarið 11 ár hefur hún búið í Kaupmannahöfn ásamt manni og barni.

Eftir stúdentspróf hér í Reykjavík árið 1974 fór hún til Danmerkur og hóf nám í grafískri hönnun við arkitektaskólann í Kaupmannahöfn. Síðan var hún gestanemandi í Skolan for brugskunst í tvö ár og eitt árið var hún í lagerdeild listaskólans í Orrefors í Svíþjóð. Eitt sumar dvaldi hún á frægum glerlistarskóla í Pilchuch í Washington í Bandaríkjunum.

En hvernig vinnur hún?  
„Ég vinn með kaldger, þ.e. ég hita upp rúðugler í keramikofni, legg það á gifsform og móta það

og skreyti svo með sandblæstri. Ég hef ýmist gert stór verk, veggmyndir, sem ég reyni að fella inn í arkitektúrinn þar sem þau eiga að vera, eða lítil verk, skálar oph. Stóru verkin vinn ég þannig að ég fæ hugmynd sem ég vinn til fulls á verkstæðinu mínu en svo ræðst stærðin og hlutföllin af umhverfinu sem þau eru sett í.“

– Og hvert sækirðu hugmyndirnar?

„Ég vinn mikið með mynstur úr jörðinni og vatninu. Til skamms tíma var ég mikið í abstrakt og arkitektónískum formum en undanfarið er eins og það hafi orðið einhver sprenging, það er allt orðið fígúratíft. En æ, ég get ómögulega skilgreint það sem ég er að gera, ekki fyrr en eftir. Upplifun fólks á listaverkum er svo persónubundin og ef sú hugmynd sem ég hef lagt í verkin nær ekki í gegn verður bara að hafa það. Ég reyni þá aftur og læri af reynslunni. En kannski breyti ég engu, ég vil hafa það alveg opið hvaða afstöðu ég tek enda hugsá ég með tilfinningunum.“

Par var allt leyfilegt

– Þú notar kalt gler, blæstu þá ekkert?

„Nei, ég er reyndar einn af fáum glerlistarmönnum í Danmörku sem vinna með kalt gler. Ég fór á glerlínuna í Skolen for brugskunst og þar voru allir með heitt gler. Ég fór að gera tilraunir með kalt gler og er eiginlega sjálfærð í því. Mér líkar það miklu betur vegna þess að mér fellur best að vinna í skorpum. Þeir sem vinna með heitt glera þurfa að koma sér upp mjög dýrum tækjum og verkstæði svo þeir neyðast til að halda uppi mikilli framleiðslu. Fyrir bragðið hafa þeir lítinn tíma til að vinna að eigin list. Ég á því litla samleið með dönsku glerfólki.“

Ég fór til Ameríku í fyrra og var á sumarskóla þar sem ríkti allt annar hugsunarháttur. Þar var allt leyfilegt. Það er svo að þegar einhver fær hugmynd sem er erfið í framkvæmd hættir Dönnum til að segja: þetta er ekki hægt. Ameríkanar, og reyndar Íslendingar líka, segja aftur á móti: þetta hlýtur að vera hægt, og hella sér út í það.

Mér finnst gott að kynnast báðum þessum hliðum. Danir leggja mikla áherslu á gott handverk en maður verður líka að leyfa sér að

gera tilraunir. Mér finnst Íslendingar miklu líkari Ameríkönnum en Dönnum, sem er bæði gott og slæmt. Parna á skólanum í Ameríku var til dæmis unnið brjálæðislega mikið, oft 20 tíma á sólarhring.“

## Að sameina gler og tónlist

Það er mikið um að vera hjá Þíu um þessar mundir. Auk sýninganna tveggja hér í Reykjavík voru verk eftir hana valin til sýningar á stórri yfirlitssýningu á evrópski glerlist sem opnuð verður í Coburg í Þýskalandi núna í júní. Síðar í þessum mánuði fer hún sjálf til Þýskalands og tekur þátt í ráðstefnu, sýningu og verkstæðisvinnu í Frauenau glerlistasafninu og í haust er henni boðið til þátttöku á glerlistarsýningu í Alkmaar í Hollandi. Og loks er hún að búa sig undir þátttöku í árlegri sumarsýningu sem haldin er í Heilagsandahúsinu á Strikinu í Kaupmannahöfn í júlí.

„Á þeirri sýningu langar mig að sameina glerlist og tónlist. Kristján maðurinn minn (hann var ma. gítarleikari í hljóm-

sveitinni Kamarorghestar) ætlar að semja tónlist fyrir mig en hún á að byggjast á glerhljóðum og vatnshljóðum.“

## Mikið að gera

Það undrar kannski engan að Þía Rakel skuli stundum eiga í vandræðum með þjóðernið.

„Ég er skráður fulltrúi Dana á sýningunni í Coburg og einnig hér í Norræna húsinu. Það virðist því vera farið eftir því hvar maður vinnur og býr en ekki vegabréfinu. Þetta er stundum dálítið pirrandi vegna þess að ég upplif mig sem Íslending, en það er erfitt við þessu að gera. Ég er komin í ágæt sambönd úti í Danmörku sem ég er smeyk um að myndu rofna ef ég flytti þaðan. Ætli ég verði þar ekki meðan ég er að vinna mér nafn. Það er líka búið að bjóða mér að vera gestakennari á Skolen for brugskunst í haust. Þeir hafa eingöngu fengist við heitt gler hingað til en langar að kynna hina hliðina á glerinu.“

– Þú virðist hafa nóg að gera.  
„Já, það er mikið að gera. Er það ekki þannig sem maður vill hafa það?“

– ÞH

# Nú geta allir eignast þessa bók

Útborgun aðeins 1.925,00 og síðan rúmar 800, krónur á mánuði.

Hún fæst gegn litilli útborgun og þægilegum afborgunarkjörum í bókabúðum og á forlagi.

Við undirskrift samnings greiðast kr. 1.925,00 og eftirstöðvarnar á tíu mánuðum með rúmum 800 kr. í hvert skipti, að viðbættum kostnaði.

Þessi kjör eru boðin til þess að mæta óskum hinna fjölmörgu sem spurst hafa fyrir um möguleika til þess að eignast þessa bráðnaðsynlegu bók með sem lægstri útborgun og enn lægri afborgunum.



**BÓKAÚTGÁFAN  
ÖRN & ÖRLYGUR**

Síðumúla 11, sími 84866

